



**BÆNDASAMTÖK**  
**ÍSLANDS**

Búgreindadeild skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands

## Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og markaðsmálum skógræktar



Nóvember 2023

---

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	3
Söguágrip.....	3
Búgreinardeild skógarbænda.....	3
Útlistun verkefna .....	3
Stjórnsýsla .....	4
Stjórn Búgreinardeildar skógarbænda BÍ -LSE.....	4
Búgreinaþing .....	4
Búnaðarþing .....	5
Fundir .....	5
Hlutverk BÍ.....	6
Innra starf .....	6
Félagatal BÍ .....	6
Félagastarfið .....	6
Aðalfundur skógarbændafélaganna.....	6
Sérverkefni .....	7
Málþing skógarbænda .....	7
Fjölgun félagsmanna í BÍ .....	7
„Horft fram á við“ .....	7
Vottun viðar.....	8
Tryggingarmál skógræktar .....	8
Kolefnismál .....	9
Framkvæmdaleyfi til skógræktar.....	9
Endurmenntun Garðyrkjuskólans / FSU .....	9
Fagráðstefna skógaræktar.....	9
Hvatningaverðlaun .....	10
Endurskoðun búvörusamninga.....	10
Taxtanefnd.....	10
Framtíðarsýn/stefna LSE.....	10
Iðnaðarsýning í Laugardalshöll .....	10
Styrkir.....	11
Skoðanakönnun .....	11
Markaðsmál .....	11
Stöðuyfirlit verkefna.....	11
Annað .....	11
Námskeið og ráðstefnur.....	11
Fjármál .....	12
Launakostnaður .....	12
Stjórnarfundir .....	12
Málþing skógarbænda .....	12
Annar kostnaður .....	12
Hvers megnugt er tré.....	13

---

# Inngangur

Þessi skýrsla er vegna framlaga úr ríkissjóði til Bændasamtaka Íslands (BÍ). Framlaginu er ánað starfi búgreinadeildar skógarbænda og þar með ætlað til átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og afurðarmálum. Markmið framlaganna er að auka áframvinnslu hráefnis, vöruþróun, vöruframboð og stuðla að aukinni arðsemi skógræktar.

Forsíðumynd: Um stafafura nýtur samvistar við regnboga í rýru landi Heiðmerkur, Rvk. (mynd HGS).

## Söguágrip

Nú eru liðin tvö heil starfsár sameinaðra samtaka bænda þar sem þau hafa skrifstofu í Borgartúni. Meira var áorkað í þágu skógarbænda þetta ár en árið á undan. Búgreinarnar innan BÍ vinna saman að sameiginlegum markmiðum bænda. Ytra starf samtakanna er hagsmunbarátta bænda en ekki síður að vera sýnileg og standa keik fyrir félagsmenn sína.

Landssamtök skógareigenda (LSE) voru stofnuð í júní 1997. Árið 2017 var gert samkomulag við ríkið um rammamening vegna átaksverkefna í skógrækt, skógarafurðum, vöruþróun og markaðssetningu skógarafurða og verkefni vegna kolefnisbindingar skóga, sem gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2026. Starf samtakanna tók stakkaskiptum við rammameninginn sem var undirstaða að rekstri samtakanna auk félagsgjalda. Rammameningurinn gerði það að verkum að hægt var að halda úti öflugum starfi og starfsmanns í 80% starfshlutfalli. Á aðalfundi LSE, í maí 2021, samþykktu fundarmenn breytt félagskerfi sem fólst í að starf LSE myndi flytjast til BÍ. Þann 1. júlí 2021 tóku breytingarnar gildi við sameiningu flestra búgreinafélaga landsins í ein heildarsamtök fyrir alla bændur; Bændasamtök Íslands.



## Búgreinardeild skógarbænda


Ávinningur skógræktar er svo mikill að fæstir skilja samhengið í fyrstu, enda yfirgripsmikið. Starf búgreinadeildar skógarbænda er að efla og kynna það starf sem fellst í bændaskógrækt. Nánar er vikið af vissum atriðum hér í þessari skýrslu.

Öruggasta leiðin að sjálfbærni í landbúnaði í landi á norðurhvara veraldar er með skógrækt. Því er það keppikefli búgreinarinnar að sanna sig meðal annarra búgreina undir merkjum sameinaðra samtaka. Það mun taka tíma, þrátt fyrir að í mörgum landslutum megi finna skóga á bújörðum sem hafa sýnt og sannað ágæti sitt í allri ræktun. Kolefnisbúskapur í landbúnaði skiptir orðið miklu máli í alþjóðlegu samhengi loftslagsmála og spila þar skógrækt mestu í málum kolefnisbindingar.

## Útlistun verkefna

Þessi skýrsla greinir frá helstu verkefnum þessa starfsárs. Verkefni eru fjölbreytt og skarast gjarnan. Hlutföll verkaskiptingar fellst einkum í starfi sérfræðings BÍ sem sinnir málum skógarbænda á árinu (frá 1. nóv 2022- 31. okt 2023) Greining á starfi getur aldrei verið mjög nákvæmt en kökuritið hér gefur þó ágæta hugmynd um skiptingun verkefna.

Kaflar þessarar skýrslu byggja á verkefnum búgreinadeildarinnar 2023 og má sjá hlutföll á kökuritinu hér til hliðar: Stjórnarsýsla 36%, Sérverkefni 45%, Innra starf 14% og Annað 5%.



---

# Stjórnsýsla

Starf LSE liggur niðri en samtökin eru enn til á pappírnum. Samkvæmt samþykktum LSE frá 2021 fer stjórn búgreinadeildar skógarbænda einnig með stjórn í LSE. Það þýðir að stjórn búgreinadeildarinnar vinnur enn í umboði félagsmanna frá síðasta félagatali LSE.

## Stjórn Búgreinardeildar skógarbænda BÍ -LSE

Stjórn Búgreinadeildar skógarbænda 2023 var kosin á síðastliðnu Búgreinarþingi og er breytt frá fyrra ári:

Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður, fulltrúi Félags skógarbænda á Austurlandi (FsA)

Hrönn Guðmundsdóttir, varaformaður, fulltrúi Félags skógarbænda á Suðurlandi (FsS)

Dagbjartur Bjarnason, fulltrúi Félags skógarbænda á Vestfjörðum (FsVfj.)

Laufey Leifsdóttir, fulltrúi Félags skógarbænda á Norðurlandi (FsN)

Guðmundur Sigurðsson, fulltrúi Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV).

Hlynur Gauti Sigurðsson er starfsmaður hjá BÍ og sér um mál deildar skógarbænda.

## Búgreinaþing

Í febrúarlök var haldið Búgreinaþing allra búgreina BÍ á Hótel Berjaya í Reykjavík.

Á þingi skógarbænda var lögð fram starfsáætlun fyrir árið.

Á þinginu voru afgreiddar sjö tillögur.

### Starfsáætlun fyrir árið 2023

a. Málþing fyrir skógarbændur.

b. Fjölgun félagsmanna í SkógBÍ. Jákvæð hvatning virkaði á síðasta ári og nú eigum við tvo búnaðarþingsfulltrúa. Höldum áfram á þessari braut.

c. „Horft fram á við“ – Vinna áfram með skýrsluna.

d. Kolefnismál

e. Áskorun á stjórn SkógBÍ að vinna áfram að tryggingarmálum skógræktar og komast inn í starfshóp BÍ um tryggingar bænda.

f. Endurskoðun búvörusamninga. Stjórn SkógBÍ þarf að fylgjast með því og sækja í aukið fjármagn í loftlagsmál og önnur sérstök verkefni.

g. Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt. Þörf er á samræmingu milli sveitarfélaga um leyfisveitingar.

h. Endurmenntun á vegum FSU.

### Tillögurnar sjö

1. Sameining Skógræktarinnar og Landgræðslunnar

2. Skjólbeltagerð á bújörðum

3. Skógarplöntuframleiðsla

4. Kolefnisbinding

5. Kolefni viðurkennt sem skógarafurð

6. Innflutningur

7. Rammasamningur

## Búnaðarþing

Á Búnaðarþing eru 63 fulltrúar alls og 54 fyrir búgreinarnar. Að þessu sinni komu tveir úr röðum skógarbænda, sem er tvöföldun frá fyrri tíð. Þingið sóttu formaður og varaformaður.

### Lausaganga búfjár

Þann 29.mars, í aðdraganda Búnaðarþings, áttu stjórnir búgreinadeilda skógarbænda og sauðfárbænda fund og bjuggu til tillögu fyrir búnaðarþingið. Tillagan fólst í að sveitarfélög, hvert fyrir sig, færu yfir mál fjallskila og skyld mál heima í héraði.

Tillagan sem var samþykkt á Búnaðarþingi var:

Búnaðarþing haldið á Hótel Berjaya 30-31. mars 2023 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að koma samræmdum leiðbeiningum til sveitarfélaga um þeirra skyldur gagnvart lausagöngu búfjár og fjallskilum með hliðsjón af annarri landnýtingu.

**Greinargerð:** Í framhaldi af álitum umboðsmanns Alþingis (mál nr. 11167/2021) og úrskurði dómsmálaráðuneytisins (mál nr. DMR21080053) hefur skapast mikil umræða um hverjar skyldur annars vegar landeigenda og hins vegar búfjáreigenda eru. Fjallað er um skyldur sveitarfélaga í lögum nr. 6/1986 um um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og lögum nr. 38/2013 um búfjárhald.

Aðstæður milli landsvæða eru breytilegar m.a. hvað varðar venjur við beit, möguleika til að girða lönd af og hvernig fjallskilum er háttað. Ólíklegt er að sömu aðferðir henti alls staðar og því nauðsynlegt að gefa skýrar leiðbeiningar til sveitarfélaga um það hvernig þau geti staðið betur að málaflokknum í samvinnu við hagaðila.

Lausagöngumál áttu eftir að vera hitamál á árinu. Þær „skýru leiðbeiningar“ sem farið var fram á tóku formaður að framkvæmdastjóri að sér að senda út á sveitarfélög. Deild skógarbænda taldi að hér hefði betur mátt standa að málum og sendi eftirfarandi ábendingu á stjórn BÍ þann 15.ágúst:

*„Stjórn búgreinadeildar skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands hvarmar að forsvarsmenn BÍ taki afstöðu til mála með hagsmuni einnar búgreinar fram yfir hagsmuni annarra. Ljóst er að viðtækt ósamkomulag er um hvernig túlka skuli lög og reglur um búfjárhald, lausagöngu, afréttarmál og fjallskil og víða gengur á með kærumálum.“*

Hér er um viðkvæmt mál að ræða sem varðar flestar búgreinar og því óskandi að það farsællega til lykta leitt.

### Hækkuð félagsgjöld

Eftir nokkra umræðu fékk tillaga þess efnis að hækka félagsgjöld til BÍ. Skógarbændur mótmæltu. Líkleg er að þessi samþykkt hafi haft afleiðingar á þátttöku skógarbænda í BÍ.

## Fundir

### Stjórnarfundir Búgreinadeildar skógarbænda

Skilgreindir stjórnarfundir skógarbænda hjá BÍ á starfsárinu (frá 1.nóv. 2022 – 31.okt. 2023) voru 15 talsins (fundir 14-28) auk eins samvinnufundar á miðju ári með fulltrúum BÍ. Flestir fundir voru Teams-fjarfundir en einn var staðarfundur og annar var blandaður. Þrír fundir voru með formönnum skógarbændafélaganna. Formaður BÍ sat einn fund (nr. 23).

Enginn fundur var styttri en klukkustund og flestir voru nær tveimur klukkustundum að lengd. Langoftast var góð mæting stjórnarliða. Stjórnarmennirnir fimm áttu hver um sig fundarsetu samtals í að minnsta kosti 2 heila starfsdaga.

### Samráðsfundur

Samkvæmt lögum Lög um skóga og skógrækt frá 2019 nr. 33 15.maí segir: að samráðsfundur milli Skógræktarinnar og skógarbænda skulu haldnir tvisvar á ári. Á starfsárinu var haldinn einn slíkur fundur, þann 14.nóvember 2022.

## Hlutverk BÍ

Hlutverk BÍ samkvæmd rammasamningi, sem tók gildi frá 1. janúar 2022 til 31. des. 2026.

- Fræða bændur um þau tækifæri sem felast í skógrækt og hvetja þá til að nýta þau.
- Hvetja skógarbændur til að sinna ræktun sinni vel.
- Samstarf við Skógræktina og skógarbændur um nákvæma viðarmagnsúttekt í hverjum landshluta og raunhæfa spá um það viðarmagn sem fellur til á næstu áratugum. Slík vinna er forsenda fyrir áframhaldandi verkefnum á sviði úrvinnslu og markaðssetningar skógarafurða.
- Leggja grunn að þróun, framleiðslu og sölufurli fjölbreyttra skógarafurða og efla menntun, hönnun, framleiðsluferli og markaðssetningu. Meta m.a. hvaða leiðir eru hagkvæmar.
- Gera ítarlega markaðsgreiningu og kanna samkeppnishæfni við innflutta vöru.
- Safna upplýsingum á einn stað um nýtanlegt magn viður sem liggur fyrir og hvar hægt er að nálgast efnið.
- Vinna skýrslur um gang verkefnisins.
- Vinna að kolefnisjöfnun íslensks landbúnaðar með öðrum búgreinum.

---

## Innra starf

Innra starf fellst í starfi sem snýr beint að félögum búgreinardeildar skógabænda.

## Félagatal BÍ

Virkir félagsmenn í búgreinadeild skógarbænda 1. nóvember 2023 voru **175 talsins**.

Á sameiningarárinu 2021 voru félagsmenn LSE tæplega 700 talsins á um 500 bújörðum. Í félagatali BÍ 1. nóvember 2023 voru alls 2923 skráðir félagsmenn og er það aukning um 29 milli ára. Af þeim hafa 181 einstaklingar skilgreint skógrækt búgrein sem þeir tilheyra. Sé eingöngu tekið tillit til greiddra félagsgjalda, voru **175 félagsmenn í búgreinadeild skógarbænda**. Það er fækkun um 3 félagsmenn á milli ára.

Þegar félagafjöldi landshlutabundnu skógarbændafélaganna fimm (FSN, FSA, FSS, FSV og FSVfj., þau sem stóðu að LSE) er skoðaður má merkja aukningu félagsmanna. Samkvæmt gögnum frá 1. nóvember í ár er **samanlagður fjöldi allra félaganna 754 félagsmenn** á 459 bújörðum.

Af þeim 175 sem skráðir eru í búgreinadeild skógarbænda hjá BÍ er 60 sem eingöngu merkja við skógrækt sem búgrein sína, en 115 sem merkja skógrækt sem aukabúgrein á jörðinni. Á sameiningarárinu 2021 var hlutfall félaga í BÍ sem einnig voru í landshlutbundnum skógarbændafélögum um tveir þriðju. Sé sá samanburður notaður má ætla að um 120 félagsmenn BÍ séu einnig félagsmenn í einhverju skógarbændafélaganna.

Það er ánægjulegt að starf skógarbænda er öflugt í skógarbændafélögum fimm en um leið gremjulegt að starf BÍ nær ekki að heilla nema lítinn hluta þeirra nægilega til að gerast félagsmenn í BÍ.

## Félagastarfið

Skógarbændafélögin fimm eru með virkt félagsstarf. Stjórnarfundir eru haldnir reglulega, viðburðir er stórir sem smáir og starfið byggir mjög á að virkja félagsmenn. Mörg þeirra eru dugleg að upplýsa um viðburði sína á samfélagsmiðlum og/eða heimsíðunni skogarbondi.is. Félagsmenn tilheyra félagi hvers landshluta og það eflir starfið í anda fjölskylduskógræktar, líkt og tíðkast víða um grundir erlendis.

## Aðalfundur skógarbændafélaganna

Að venju halda félögin sína aðalfundi í lok vetrar og fram á byrjun sumar. Viðkomandi stjórnarmenn búgreinadeildarinnar sátu fundi á sínum landshluta.

Starfsmaður BÍ sótti fundina á Suðurlandi og Norðurlandi en forfallaðist með skömmum fyrirvara fyrir fundinn á Vesturlandi. Á fundunum sagði hann frá ýmsu sem var á döfinni, sagði frá mikilvægi þess að hugsjónin með Kolefnisbrúnni yrði að verða að veruleika og hvernig það hefur með framtíð íslensk samfélags að gera. Einnig fór hann yfir starf búgreinadeildarinnar skógarbænda BÍ og frá hugmyndavinnu sem snýr að búvörusamningum.

---

## Sérverkefni

Aðkoma starfsmanns búgreinadeildar skógarbænda hjá BÍ og stjórnar deildarinnar af sérverkefnum er mismikil og misjöfn. Á búgreinapingi skógarbænda var lögð út starfsáætlun fyrir 2023. Betur verður gert grein fyrir hverjum lið fyrir sig hér og meira til.

### Málþing skógarbænda

Af frumkvæði skógarbændafélaganna var lagt upp með samkomu í anda aðalfunda LSE frá fyrri tíð. Ákveðið var að halda málþing og árshátíð. Þema þingsins var matur úr skóginum og umhirða skógarins.

Fjögurra manna hópur sá að mestu um undirbúninginn. Fulltrúar undirbúningsnefndar voru starfsmaður BÍ, fulltrúi úr stjórn búgreinadeildarinnar, fulltrúi formanna skógarbændafélaganna og fulltrúi úr því félagi sem myndi halda hátíðina. Að þessu sinni sá Félag skógarbænda á Vesturlandi um hátíðina og var hún haldin á Þinghamri á Varmalandi í Borgarfirði. Málþingið var hluti af Landbúnaðardegi BÍ. Verkaskiptingin var þannig að gestgjafafélagið sá að langmestu leiti um árshátíðina og búgreinadeildin sá um málþingið. Það var gott fyrirkomulag, sérstaklega af því það var ekkert svo svakalega formlegt en samstaðan var líka góð. Samstarfsaðilar að þinginu voru: Skógræktin, Skógræktarfélag Íslands, Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóli Íslands, Garðyrkaskólinn að Reykjum (FSU) og Trétækni ráðgjöf ehf. Kostunaraðilar, auk BÍ, voru Ölgerðin, Skógræktin, Kolefnisbrúin, Kaupfélag Borgfirðinga, Kvistabær, Móðir Jörð, Holt og Heiðar, Hunang Agnesar og Hraundís ilmólur. Gestir á þingið voru 79 manns. Fimmtán fyrirlesarar héldu erindi. BÍ og velgjörðarfélag stuttu fjárhagslega við viðburðinn. Upptökur málþingsins má nálgast á Youtube-síðu Bændasamtaka Íslands og hafa rúmlega 300 gefið þeim upptökum gaum ef marka má teljara Youtube rásarinnar. Áveðið var að halda sambærilegan viðburð að ári sem yrði staðarval á herðum Vestfirðinga.

### Fjölgun félagsmanna í BÍ

Færri félagsmenn í deild skógarænda eru nú en voru fyrir ári. Ástæður þess eru ekki augljósar en mögulega hefur stórhækkuð félagsgjöld eitthvað að segja og ef bréfið um lausagönguna hefði komið fyrir til sögunnar má telja líklegt að enn færri væru félagsmenn.

### „Horft fram á við“

Skýrslan „Horft fram á við“ var gefin út í nóvember 2020. Skömmu eftir útgáfu hennar var ætlunin að fylgja vinnunni eftir með yfirgrípsmeiri hætti.

Lokaorðum skýrslunnar:

*Teymishópurinn „Skógarfang“ sem nú lýkur störfum leggur til að nýr hópur verði skipaður til að fylgja eftir þessari skýrslu í afurða- og markaðsmálum í skógrækt og þeim markmiðum sem þar koma fram. Mikilvægt er að Skógræktin, Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands skipi fulltrúa í þennan nýja samstarfshóp og geti þannig unnið sameiginlega að uppbyggingu afurða- og markaðsmála skógræktar í landinu.*

*Teymishópurinn leggur auk þess til að væntanlegir samstarfsaðilar ráði starfsmann í fullt staf sem fengi það hlutverk að fylgja eftir sameiginlegum markmiðum skógargeirans í sölu skógarafurða og efla þannig afurða- og markaðsmál skógræktar í landinu.*

*Undanfarin ár hefur verið unnið að grunni framtíðarskipulags markaðsmála hjá Skógræktinni og LSE. Lögð hefur verið áhersla á að greina stöðuna sem best og mest.*

*Stýrihópurinn vill þakka öllum þeim sem komu að gerð þessarar skýrslu og unnu með Skógarfangi að greiningu og stöðumati í afurða- og markaðsmálum skóga. (<https://www.skogarbondi.is/skyrslur>)*

Í upphafi vetrar leitað starfsmaður BÍ fyrir búgreinardeildar skógarbænda til skógræktarstjóra og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands. Í kjölfarið var skipuð nefnd með fulltrúum allra og er lagt upp með að þessi þriggja manna hópur stýri næstu skrefum. Ástæðan fyrir því að ekki hefur enn verið kallað til fundar er vegna vottunarmála, FSC og CE, en leiða má líkur

á að skriður komist á þau mál á nýju ári. Lykilatriði í frekari viðarvinnslu er að innleiða alþjóðlega staðla svo byggingageirinn geti nýtt sér íslenskan markað.

## Vottun viðar

Til að viður úr íslenskum skógum sé gjaldgengur í byggingarmannvirki er oft gerð krafa á að timbrið sé vottað af hlutlausum vottunaraðila. Það felur einkum í sér tvennt. Annars vegar að gæði timbursins séu eins og til er vænst og fer þar fyrir vottunin CE. Einnig eru kröfur um að uppruni timburs sé viðurkennt og er fer þar fyrir vottunin FSC.

### CE- Viðskiptaflokkun á timbri

Bændasamtökin, í samvinnu við helstu hagaðila í skógrækt, hafa sótt um styrk í ASK-mannvirkjarannsóknarsjóð til að þróa kerfi á Íslandi svo viðarvinnslur, stórar og smáar, geti réttilega merkt timbrið sitt CE. Vænta má svara um áramót. Fáist styrkur má reikna með að starf hefjist í upphafi árs sem lyki í lok árs, ef áform ganga eftir.

CE er skammstöfun úr frönsku „Conformité Européene“ sem mætti þýða sem „Evrópu-samræming“. Aukning hefur verið á framboði íslensks viðar að undarförnum árum. Skógarbændur eru í auknum mæli að komast með timbur á þann markað. Árið 2020 var gefin út handbókin „Gæðafjalir- Viðskiptaflokkun á timbri úr barrtrjám“. Hún er liður í vinnu við að innleiða góða viðskiptahætti á timbri íslensks viðar. Handbókin er notuð í Skandinavíu og heimfærð til íslensks veruleika. Til að ná viðeigandi árangri í notkun handbókarinnar og þar með læsti á viðargæði, hefur Iðan fræðasetur sett fram námskeið. Námskeiðið er ætlað timburiðnaði, smiðum og viðarvinnslum, sem munu verða bæði fleiri og stærri á næstu áratugum. Til að íslenskt timbur verður gjaldgengt til flokkunar eftir gæðum þarf alþjóðlega vottun á það.

### FSC

Skógræktin vinnur nú að innleiðingu FSC staðal fyrir þjóðskógana. Vonir eru uppi um að sú vegferð leiði af sér vottun fyrir aðra skóga í kjölfarið, svo sem bændaskóga.

Um langa tíð hefur staðfest upprunavottun verið höfuðverkur meðal íslenskískrar skógaræktar. Hingað til hefur Skógræktin fengið að selja timbur sitt á undanþágu til alþjóðlegra kaupenda sem alla jafna gera kröfu á FSC vottun. Nú hefur undanþágan verið afnumin og Skógræktin því leitað leiða til að innleiða FSC vottun fyrir sitt timbur.

Skógarbændur og skógræktarfélag hafa verið á sömu vegferð með að fá upprunavottun á timbur sem felld er í þeirra skógum. Upprunavottun gengur t.d. út á að skógurinn sem á landinu stendur hafi verið heiðarlega ræktaður, ekki barnaþrælkun, landið undir skóginn hafi ekki verið á áður ræktuðu landi og ýmislegt slíkt. Íslenskir skógræktendur telja sig heppna hvað uppruna varðar því allar upplýsingar liggja fyrir í eldri áætlunum. En vottun er dýr og afar óhagkvæmt fyrir bónda með lítinn skóg að fá slíka vottun. Taka þarf heildstæðara á málum og eru uppi hugmyndir að Skógræktin fái vottun fyrir þjóðskógana, Skógræktarfélagin sameinist um eina og að Bændasamtökin sameinist um vottun fyrir sína skóga. Hvaða nálgun verður notuð kemur vonandi í ljós áður en skógarnir verða alveg úr sér vaxnir.

### Svanurinn

Í lok síðasta árs (2022) leiddi vinna BÍ, Trétækniráðgjöf slf., Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar, af sé að íslenskt timbur væri gjaldgengt til Sannsvottaðra bygginga.

var íslenskt timbur samþykkt til notkunar í Svansvottuðum byggingum. Kröfur Svansins fyrir nýbyggingar og endurbætur gera ráð fyrir því að minnsta kosti 70% af timbrinu sem notað er í bygginguna sé FSC eða PEFC vottað og að restin sé stjórnað af þessum kerfum, „controlled wood“ (FSC) og „controlled sources“ (PEFC). (<https://svanurinn.is/frettir/islenskt-timbur-leyfilegt-i-svansvottadar-byggingar/>)

## Tryggingarmál skógræktar

Engin vinna hefur verið á tryggingamál í skógum bænda. Mikil þörf er á skoðun tryggingamála og æskilegt væri að horfa til Skandinavíu við að innleiða skógartryggingar fyrir íslensk tryggingafyrirtæki eða að athuga hvort möguleiki sé á samstarfi við erlend tryggingafélög.



## Kolefnismál

Málefni kolefnisbindingar hefur í áratugi verið hugarfóstur skógarbænda. Eftir að Kolefnisbrúin ehf. var sett á laggirnar voru miklar vonir bundnar við stórt átak í þeim efnum. Mun minna hefur áunnist í þeim efnum en væntingar voru í upphafi árs.

Kolefnisbrúin er með útfærðar lausnir til eflingar landbúnaðar, búsetu og margt fleira.

Kolefnisbrúin ehf. er fyrirtæki í eigu LSE og BÍ sem hefur það að markmiði að aðstoða bændur við kolefnisjöfnun með ýmsum leiðum, þó skógrækt sé fyrsta raunhæfa aðgerðin sem stendur. Kolefnisbrúin hefur það hlutverk að hækka virðingu íslensks landbúnaðar til vegs og virðingar, allt í senn fjárhagslega, umhverfislega og samfélagslega.

# KOLEFNISBRUIN

## Framkvæmdaleyfi til skógræktar

Sjálfstæði sveitarfélaga er mikilvægt. Það er mikil ábyrgð sem fellst í því að ákveða landnotkun um sveitir landsins. Mörg hafa tekið skref í átt að sjálfbærni og spilar þar skógrækt stærsta hlutverkið. Með aukinni vitundarvakningu meðal íslenskra ráðamanna verður hægt að stíga skref í átt að betra Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að leyfi til framkvæmda í skógrækt stöðvist ekki á geðþáttaákvörðunum eða fávisku. Skógrækt er þolinmæðisvinna og því mjög mikilvægt að ekki sé dregið úr kappsömum og velviljuðum bændum sem vilja hefja skógrækt í landi sínu. Mikilvægt er að virkja kraft frumkvöðlanna því ef eru miklar líkur að það hafi neikvæð áhrif á afkomu næstu kynslóða Íslendinga.

Matvælaframleiðsla þarf gott land til ræktunar og ekki síður bakland þjóðarinnar ef ætlunin er að halda landinu í byggð. Það þarf ekki mikið til að ógna búsetu í landinu eins og dæmin sanna í aukinni spennu meðal þjóða og heimshluta en ekki síður vegna óstöðugs loftslags og jarðhræringa.

Timburöryggi þjóðarinnar er ógnað verði staðið slöku við það öfluga skógaræktarstarf sem hefur verið við líði síðustu áratugi í landinu. Framsækni í skógrækt er lykillinn að hagsæld og öryggi Íslands og eina leiðin ef ætlunin er að ná fram sjálfbærni í landbúnað.

## Endurmenntun Garðyrkjuskólans / FSU

Gott samstarf við menntastofnanir er lykilatriði í öflugu fræðslustarfi skógarbænda og á það við um öll fræðslustig menntunar. Fræðslustarfs hvers konar skilar sér í sveitir landsins og til næstu kynslóða. Garðyrkjunám Garðyrkjuskólans að Reykjum er nám á framhaldsskógstigi er nú komið undir Fjölbrautaskóla Suðurlands, en var áður undir Landbúnaðarháskóla Íslands. Námsbrautir Garðyrkjuskólans hafa verið í endurskoðun á árinu og hafa hagsmunaaðilar, líkt og skógarbændur, haft aðkomu að því framsækna starfi.

## Fagráðstefna skógaræktar

Ísafjörður var vettvangur hinnar árlegru Fagráðstefnu skógræktar í ár. Ráðstefnan fór fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og hófst með ávarpi skógræktarstjóra morgni, 29. mars. Streymt var frá ráðstefnunni. BÍ á sæti í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar.

Ósamræmi var á með aðstandendum Fagráðstefnunnar og BÍ þegar dagsetning ráðstefnunnar bar upp á sama tíma og Búnaðarþing. Að því varð að engir fulltrúar frá BÍ sóttu ráðstefnuna. Þetta er annað árið í röð sem viðlíka hvítleitt atvik hendir samstarfsaðilanna.

Á næsta ári verður Fagráðstefnan á Akureyri dagsett 20.-21.mars 2024.


Búnaðarþing 2024 hefur ekki verið auglýst.

## Hvatningaverðlaun

Af frumkvæði Skógræktarfélags Íslands hefur þriggja manna hópur skógargeirans unnið að leið til að hvetja skógræktendur í landinu. Hvatningaverðlaun skógræktar verða veitt til einstaklinga, hópa eða stofnana sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi. Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Skógræktin og Búgreinadeild skógarbænda hjá BÍ. Frestur tilnefninga verður 14.febrúar og verðlaun afhent á Alþjóðadegi skóga, 21.mars

## Endurskoðun búvörusamninga

Væntanlega verða skógarbændur við sama borð og félagsmenn annarra búgreina þegar umræður um endurskoðun búverusamninga hefjast fyrir alvöru en hugmyndir eru um að opna á þá umræður milli BÍ og ríkisins fyrr en fyrirætlanir. Núverandi búvörusamningar bíða endurskoðunar til ársins 2026.



## Taxtanefnd

Taxtanefnd er skipuð sex einstaklingum, þremur frá skógarbændum og þremur frá Skógræktinni. Skógarbændur hafa sæti formanns. Einn fundur var haldinn á árinu. Megin umfjöllunarefnið er uppfærsla eldri taxa Skógræktarinnar, girðingar og hvernig bæta megi núverandi fyrrikomulag.

## Framtíðarsýn/stefna LSE

Ætlunin var að endurskoða stefnu LSE á árinu, líkt og í fyrra. Því var frestað.

Áður útgefin framtíðarsýn LSE var helguð tímabilinu 2012-2022. Í ár tók Félag skógarbænda á Suðurlandi af skarið og gaf út framtíðarsýn fyrir félagið. „Fræ til framtíðar“ heitir alandi Flest þau stefnumál sem þar eru enn vel við hæfi. Aukin áhersla á loftslagsmál, óstöðugt verðlag á innfluttu timbri og góður vöxtur skóga gefur tilefni til frekari endaskoðunar. Nú má taka inn í heimsmálin og stríðsástands í Evrópu. Á heimasíðu LSE, skogarbondi.is, má nálgast núgildandi stefnu.

## Iðnaðarsýning í Laugardalshöll

Timbur úr íslenskum skógum, þar á meðal úr skógum bænda, var meðal þess sem kynnt var á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll sem fór fram dagana 31. ágúst til 2. september. „Íslenskt timbur já takk!“ voru kjörorð bássins.

Skógargeirinn sameinaðist um bás á svæði Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar þar sem auk timburs var kynnt þróunarstarf í timburnytjum og menntun á sviði skógræktar, skógarnytja og framleiðslu afurða úr skóginum. Skógargeirinn er samstarfsaðili nokkurra styrkhafa hjá Aski – mannvirkjarannsóknasjóði og vinnur að verkefnum uppbygging á úrvinnslu skógarafurða sem skilgreint er í Vegvísi um vistvæna mannvirkjagerð.

## Styrkir

Í október var sótt var um styrk í ASK mannvirkjarannsóknasjóð til verkefnis sem snýr að CE vottun. Von er á svörum um styrkveitingu í lok árs.

## Skoðanakönnun

Fyrirhugað er að gera könnun og leggja fyrir skógarbændur. Ætlunin er að hún verði opnuð í upphafi nýs árs og verði niðurstöður kunngjörðar fyrir eða á búgreinapingi BÍ 13.febrúar.

## Markaðsmál

Markaðsmál ganga út á upplýsingagjöf fyrir félag og aðra áhugasama. Heimasíða skógarbænda er enn virk og er það helsta upplýsingaveita skógarbænda, [www.skogarbondi.is](http://www.skogarbondi.is). Einnig er miðlun fréttá Facebook fyrrum LSE sem og skógarbændafélaganna. Bændablaðið hefur einnig nýst skógarbændum við að koma fróðleik og fréttum áfram.

Nokkur myndbönd voru gefin úr á árinu sem nægast má á Youtube síðu Bændasamtaka Íslands og Skógræktarinnar. Helst eru er að nefna fimm þögul myndönd sem voru til sýnis á iðnaðarsýningunni og voru til að kynna Kolefnisbrúna og verkefni sem snéru að kolefnisbindingu. Önnur myndbönd fjalla um orkuskipti, lífkol, hrað-asparframleiðslu og ógrynni myndbanda af fróðleik af TreProX verkefninu sem kláraðist í fyrra. TreProX myndböndin má einni nálgast á [treprox.eu](http://treprox.eu).

## Stöðuyfirlit verkefna

Starfsáætlun fyrir árið 2023				
Liður	Ákvörðun	Staða	Næstu skref	Vegferð
Málþing fyrir skógarbændur.	Samþykkt	Lokið	Hefja undirbúning við málþing 2024	😊
Fjölگون félagsmanna í SkógBÍ.	Óbreytt	Enn þarf hefur deildin ekki sannað sig meðal allra skógarbænda.	Til þess þurfa kolefnismál og úrvinnslumál helst framgang.	😞
„Horft fram á við“	Í vinnslu	Undirbúningur er hafinn.	Stýrihópur hefur verið ákveðinn með Skógræktinni og Skóg.Ísl.	😊
Kolefnismál.	Beðið átektá	Verkefnin eru tvö: Kolefnisbinding í: A) nýskógærkt og B) eldri skógum.	Starf Kolefnisbrúar ehf. þarf að fyrir alvöru.	😞
Tryggingarmál skógræktar.	Beðið átektá	Legjið í dvala.	Hefja þarf samtal við stjórn BÍ ofl.	😞
Endurskoðun búvörusamninga.	Í vinnslu	Starfið er hafið í samstarfi við BÍ	Frekari mótun	😞
Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt.	Í vinnslu	Í mörg horn að líta, mun taka tíma.	Frekari samtöl í vændum	😊
Endurmenntun á vegum FSU.	Samþykkt	Graðyrkjuskólinn starfar	Uppbygging skólans er á góðri vegferð.	😊
Vottun viðar -CE	Í vinnslu	Beðið svars um styrkumsókn	Á nýju ári hefst vinna með hagsmunaaðilum.	😊
Vottun viðar -FSC	Í vinnslu	Er í höndum Skógræktarinnar	Fregna að vænta í vor	😊
Fagráðstefna skógræktar	Í vinnslu	Saminnuverkefni	Verður haldin á Akureyri 20.mars	😊
Hvatningaverðlaun	Í vinnslu	Saminnuverkefni	Tilnefninga að vænta	😊
Taxtanefnd	Í vinnslu	Samstarf við Skógræktina	Deilt um stefnur	😞
Skoðanakönnun	Beðið átektá	Rýna þarf í hugmyndir	Stefnt á niðurstöður í febrúar 2024	😊
Markaðsmál	í virkni	skogarbondi.is er enn í virkni	Alltaf má gott bæta.	😊

## Annað

Fjölmörg mál koma á borð stjórnar og framkvæmdastjóra svo sem samtöl, ráðgjöf og bókhald til að nefna brot. Óþarfi er að tíunda frekar verkefni í þessum flokki.

## Námskeið og ráðstefnur

Sóttar voru nokkrar ráðstefnur og fundir svo sem Sauðamessa á Hvanneyri, Fagfundur sauðfjárræktar, Kornrækt -Bleikir akrar, CIRCON og morgunfundur Svansins hjá Umverfisstofnun. Sótt var námskeið hjá Háskóla Reykjavíkur í umsókn styrkja.

## Fjármál

Fjármál búgreinadeildar skógarbænda voru að fullu tekin yfir af BÍ 1.júlí 2021. Á árinu 2022 voru greiddar 16.000.000 kr. til BÍ úr Rammasamningi (aukið virði skógarafurða) en greiðslan barst í tvennu lagi, í febrúar og í desember.

Á árinu 2023 er framlagið samkvæmt Rammasamningnum 18.375.943 kr.. Af þeim voru 14.700.754 kr. voru greiddar í febrúar og búið er við eftirstöðvunum í desember 2023.

Félagsgjöld félagsmanna innan búgreinardeild skógarbænda BÍ 2022 var 1,9 milljón kr.

### Launakostnaður

Að neðan er greining á launakostnaði starfsmanns BÍ, sem sinnir búgreinadeildinni, og formanns deildar skógarbænda hjá BÍ á árinu 2022 og fyrir tímabilið jan-október 2023. Búið er við að launakostnaður vegna ársins 2023 verði 15,5 m.kr.

#### Tímabil: Janúar - Október 2023

<i>Launþegi</i>	<i>Laun</i>	<i>Frádráttur</i>	<i>Lífeyrissj</i>	<i>Stéttarfélög</i>	<i>Trygg.gjald</i>	<i>Samtals launakostn.</i>
Jóhann Gísli Jóhannsson	527.940	164.120	55.680	-	33.990	617.610
Hlynur Gauti Sigurðsson	9.360.143	3.075.453	1.842.127	177.538	705.357	12.085.165
	9.888.083	3.239.573	1.897.807	177.538	739.347	12.702.775

#### Tímabil: Janúar - Desember 2022

<i>Launþegi</i>	<i>Laun</i>	<i>Frádráttur</i>	<i>Lífeyrissj</i>	<i>Stéttarfélög</i>	<i>Trygg.gjald</i>	<i>Samtals launakostn.</i>
Jóhann Gísli Jóhannsson	646.433	184.632	62.640	-	42.731	751.804
Hlynur Gauti Sigurðsson	10.751.153	3.599.106	2.106.249	203.820	813.072	13.874.294
	11.397.586	3.783.738	2.168.889	203.820	855.803	<b>14.626.098</b>

### Stjórnarfundir

Einn stjórnarfundur fundur af fimmtán var staðarfundur. Hitt voru fjarfundir. Enginn kostnaður var vegna fundahalda.

### Málþing skógarbænda

Á Varmalandi í Borgarfirði héldu skógarbændur málþing. Kostnaðinum var deilt á milli búgreinadeildarinnar og uppsafnaðra styrkja sem Félag skógarbænda á Vesturlandi hélt utan um. Útgjöld deildarinnar var 0,5 milljón kr..

### Kolefnisbrú

Ýmis þróunarvinna meðal sérfræðinga og lögfræðinga innan BÍ var unnin fyrir Kolefnisbrúna á árinu. Sá útgjaldaliður nam um 25% stöðugildis eða samanlagt 4.419.435 kr.

### Annar kostnaður

„Húsnæðis- og starfskostnað“ vegna starfsmanns eru um 100 þkr..á mánuði, eða samtals 1,2 milljón kr., eins og var á árinu 2022.

Með kærri þökk fyrir veittan stuðning,  
Hlynur Gauti Sigurðsson  
sérfræðingur hjá BÍ  
hlynur@bondi.is

# Hvers megnugt er tré

## Hvers eru tré megnug?

Skógar þeiga um 40% af líflífinni í Eimugi í 190 milljónum há. Ennig er þó allt skóglendið vaxið allar þarftarstarfsmannir og rannar allt fara svoða í heiminum þar sem skógaþjafi hefur auðvild undir höndum síð. Skógaþjafi og skógaþjafi stóla að vexti og afbroti á dæmi. Auk þess gefa skógarir timbur og velta milliþinga veltarþjónusta. Ársvelta skógarumstaðar nemur nærri 500 milljónum evra og í greininu starfa um 3,5 milljónir manna. Skógaþjafi hefur fjárfest í tækni og þekkingu til að taka mið af ástæðu og hlífðarþingum og framleiða nýsköpunar afbroti sem eru milliþinga og fjn þingum líffagkerfinum. Eftir þessum meira er fjárfest í tækni og þekkingu, þar líffagkerfinu og framleiðingum vexti úr af þessum tógi. Síð þingum er á stalmargan hátt til hagnota fyrir samfélagið allt.

Í líffagkerfinu er tryggð aðgangur að endurnýjanlegum auðindum og þjónustu. Þar er sjálfrátt þingum í aðhlýðingum, það sem alur var bent vextur matar, fólur, klæði, eða vörur og líffagkerfinu. Líffagkerfinu er mikilvægur í líffagkerfinu, þjónur sem búa til vörur úr endurnýjanlegum náttúruauðindum í skab vara úr jarðvegi og vexti.

Gott dæmi eru líffagkerfinu sem vinna þjónustu og þjónu úr óþingum líffagkerfinu. Úr þringum þetta má búa til ótal vörur eins og þar sem taldir eru upp á þessu veggjökki.

**Atvinnugreinar**

- Flug
- Byggingarfræðingur
- Þrenging og líffagkerfinu
- Límbláði
- Málavali
- Blíðvör
- Seyri- og þringvörur
- Stuðli
- Lýf og Líffagkerfinu
- Húsnáðing
- Eftirvör
- Stak
- Órka
- Þringvörur

**Blóm**  
**Avöxtur**  
**Lauf**  
**Greinar**  
**Trjásaft**  
**Borkur**  
**Kvoda**  
**Stofn**

**Boðni** (eik): Óvaxandi þingum líffagkerfinu, þetta byggingarfræðingur í framveggjum þingum líffagkerfinu. Í jarðvegi. Í þringum framveggjum þingum líffagkerfinu þessa af vexti þingum líffagkerfinu sem summa þar þar að 3.000 tonn vexti framveggjum líffagkerfinu.

**Húsnáðing** (húsnáðing): Hógar eins og eru meðal þingum líffagkerfinu í framveggjum þingum líffagkerfinu, þetta eru tóki þar af einhliðar gerð en boðni.

**Þrenging**: Þrenging og þrenging óvaxandi þingum líffagkerfinu í framveggjum þingum líffagkerfinu, þetta eru tóki þar af einhliðar gerð en boðni.

**Tréni** (líffagkerfinu): Hógar líffagkerfinu líffagkerfinu sem myndu milliþinga byggingarfræðingur í framveggjum þingum líffagkerfinu og þingum líffagkerfinu.

**CEPI** **CEPF**